



17. stjórnarfundur LH
29. október 2021 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Siguroddur Pétursson, Sóley Margeirsdóttir, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson og Gréta V. Guðmundsdóttir úr aðalstjórn, Lilja Björk Reynisdóttir, Einar Gíslason, Aníta Aradóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Eggert Hjartarson úr aðalstjórn og Ingimar Baldvinsson, úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Málefni landsliðsknapa í hestaíþróttum

Rætt um málefni landsliðsmanns íslenska landsliðsins í hestaíþróttum, sem frestað var afgreiðslu á 16. stjórnarfund LH, fyrr um daginn. Stjórnarmenn höfðu fengið nánari upplýsingar um þann refsidóm sem viðkomandi landsliðsmaður hlaut fyrir kynferðisbrot gegn barni, frá árinu 1994. Leitað var ráðgjafar hjá almannatenglum hjá fyrirtækinu KOM-ráðgjöf og fyrir fundinum lágu drög að tilkynningu um brottvikningu landsliðsmannsins úr A-landsliði, með hliðsjón af fyrrgreindum dómi. Stjórnarmenn voru einróma samþykkir innihaldi og ákvörðun tilkynningarinnar en töldu rétt að fá álit tilheyrandi nefnda á efni og innihaldi tilkynningarinnar. *Afgreiðsla: Samþykkt að fá álit laganeftar og landsliðsnefndar áður en tilkynning yrði send út.*

Fundi slitið kl. 21.03